

Sp.

252. Tillaga til þingsályktunar

[118. mál]

um sams konar tímareikning allt árið.

Flm.: Karl Guðjónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fella úr gildi reglugerð nr. 43 frá 28. febr. 1947, um sérstakan tímareikning, þannig að framvegis gildi sams konar tímareikningur fyrir allt árið.

Greinargerð.

Síðastliðin 20 ár hefur verið í gildi hér á landi tvenns konar tímareikningur, annar fyrir vetrarmisserið og hinn fyrir sumartímabilið.

Vetrartíminn hefur verið hinn svonefndi íslenski meðaltími, þ. e. klukkan á Íslandi hefur verið miðuð við sóltíma á 15. lengdarbaug fyrir vestan Greenwich. Sumartíminn hefur hins vegar verið einni klukkustund fljótari, og hefur hann gilt um tímabilið frá fyrsta sunnudegi í aprilmánuði til fyrsta sunnudags í vetri.

Ákvæðin um þennan tímareikning er að finna í reglugerð dómsmálaráðuneytisins, nr. 43 frá 28. febr. 1947, en sú reglugerð er út gefin samkvæmt heimild í lögum nr. 8 frá 1917.

Af ákvörðuninni um tvenns konar tímareikning á ári hverju leiðir, að klukkan hefur verið færð á nefndum tímamörkum, ýmist áfram eða aftur á bak.

Þær breytingar hafa mikil óþægindi í för með sér, og virðast þau óþægindi fara vaxandi, eftir því sem tímar líða og tækni fleygir fram, enda hafa ýmsar þær þjóðir, sem um eitthvert skeið höfðu í gildi tvenns konar tímareikning, lagt hann niður.

Hér verða ekki rakin þau margvíslegu óþægindi, sem af tvenns konar tímareikningi stafa, aðeins bent á tvennt:

Veðurþjónustan, sem að verulegu leyti er bundin af alþjóðasamvinnu, verður að færa flestar eða allar athuganir sínar til tvisvar á ári, svo og spár sínar og veðurfréttasendingar, og liggur í augum uppi, að slíkt kostar ósmáa fyrirhöfn.

Flestar rafveitur selja einhvern hluta af raforku með þeim hætti, að rjúfa verður straum til margra notenda á mestu álagstímum. Er þetta jafnan gert með sjálfvirkum klukkurofum. Alla slíka rofa verður að stilla að nýju við hverja breytingu, sem á klukkunni er gerð, og raunar verður öll slík stilling að fara fram á svo til samri stund og klukkunni er breytt, þótt það sé auðvitað óframkvæmanlegt.

Þótt fleiri dæmi verði hér ekki nefnd, má augljóst vera, að verulegur ávinningur verður að vera af breytingu klukkunnar, ef hún á að vera réttlæt看leg.

Það er mat flm., að ávinningurinn sé ekki nægur til að réttlæt看legt sé að halda hinum tvöfalda tímareikningi áfram.